

Október
2011

HÓPSLYSAÆFING
SKÝRSLA

Hópslysaæfing í umdæmi Lögreglustjórans á Eskifirði

Undirbúningur, framkvæmd, rýni og niðurstöður



Ríkislögreglustjórinn

Lögreglustjórinn á Eskifirði

Almannavarnanefnd Fjarðabyggðar

Ritstjóri

Íris Marelsdóttir,
almanavarnadeild Ríkislögreglustjóra

Uppsetning

Rögnvaldur Ólafsson,
almanavarnadeild Ríkislögreglustjóra

Æfingastjórn

Jónas Wilhelmsson,
Lögreglan á Eskifirði

Guðmundur Helgi Sigfússon,
Slökkvilið Fjarðabyggðar

Íris Marelsdóttir,
Víðir Reynisson,
Almanavarnadeild Ríkislögreglustjóra

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Samantekt	5
Undirbúningur	6
Framkvæmd.....	10
Þáttur fjölmiðla.....	14
Rýni.....	15
Niðurstöður	19
Tillögur til úrbóta.....	20
Viðaukar	21
Viðauki 1. Sviðsmynd skrifborðsæfingar þann 16. september.....	21
Viðauki 2. Öryggisreglur æfingarinnar.....	22
Viðauki 3. Logg SST: Hópslysaæfing Reyðarfirði 17. september 2011.....	23
Viðauki 4. Fundargerð rýnifundar 17. september í Grunnskólanum á Reyðarfirði.....	24
Viðauki 5. Umfjöllun fjölmiðla um æfinguna.....	27
Viðauki 6. Gátlistar vegna rýni.....	29

Inngangur

Í þessari skýrslu er farið yfir undirbúning, framkvæmd og niðurstöður æfingar sem haldin var í umdæmi lögreglunnar á Eskifirði þann 17. september 2011. Gátlistar vegna hvers verkþáttar eru lagðir fram og í viðauka eru lögð fram helstu vinnuskjöl sem notuð voru í æfingunni. Samantekt þessarar skýrslu er að finna á bls. 4 en niðurstöður rýni og tillögum til úrbóta eru gerð skil á bls. 18 og 19.

Markmið þessarar æfingar var að æfa samstarf og samhæfingu viðbragðsaðila á vettvangi og kanna áfallþol umdæmisins. Einnig var það markmið að nota þessa æfingu til að ná fram upplýsingum sem nýtast munu við að ljúka gerð viðbragðsáætlunar vegna hópslysa í umdæminu. Aðrar upplýsingar sem leitað var eftir vörðuðu færni og búnað viðbragðsaðila og viðbúnað vegna áfallahjálpar og eftirfylgni við þolendur. Það er mat æfingastjórnar að markmiðum hafi í meginatriðum verið náð en í næsta kafla er farið betur yfir þau atriði sem betur máttu fara.

Æfingastjórn vill koma á framfæri þökkum til allra þeirra aðila sem komu að þessari æfingu með einum eða öðrum hætti og vonar jafnframt að æfingin verði til þess að skerpa enn frekar á mikilvægi samstarfs allra aðila og mikilvægi reglulegra æfinga og þekkingaröflunar.

Skólastjórnendum Grunnskólans á Reyðarfirði og skólastjórnendum Grunnskólans á Eskifirði eru færðar bestu þakkir fyrir lánið á húsnæði skólanna.

Samantekt

- Þátttakendur í þessari æfingu voru samtals 136 og er frekari greiningu á þátttakendum að finna í töflu á bls. 12. Almenn ánægja var með æfinguna.
- Viðbragðsaðilar á Austfjörðum eru vel þjálfaðir og kunna vel til verka. Aðgerðastjórn (AST) umdæmisins er samhæfð og vinnur vel undir álagi. AST býr við góða aðstöðu á Slökkvistöðinni á Mjóeyri en þó ber að nefna að það vantar aðgang að **Sitewatch**.
- Veður var gott þann dag sem æfingin fór fram. Þurrt að mestu og 8 stiga hiti. Æft var í raunveðri og rauntíma. Slysavettvangur var við mynni Fáskrúðsfjarðagangna að norðanverðu og voru allir „sjúklingar“ fluttir í Grunnskólann á Reyðarfirði. Sjúklingaferlið var ekki æft lengra en í Grunnskólanum var jafnframt opnuð fjöldahjálparstöð. Öll samskipti fóru fram á TETRA.
- Í upphafi æfingar var haldinn stuttur fundur með öllum þátttakendum þar sem farið var yfir framgang æfingarinnar og helstu öryggisatriði. Eftir það var æfingin boðuð af Neyðarlínu.
- Ráðgjafar voru fengnir frá Reykjavík, Akureyri og Seyðisfirði til þess að vera verkþáttastjórum, vettvangstjóra og aðgerðastjórn innan handar, ásamt því að rýna störf þeirra.
- Ráðgjafar leggja til að ávallt verði haldin skrifborðsæfing með verkþáttastjórum, vettvangsstjórn (VST) og AST áður en stór vettvangsæfing er haldin. Á skrifborðsæfingu verði lögð sérstök áhersla á kynningu á talhópaskipulagi innan TETRA og á SÁBF verkþáttaskipulagi almannavarna. Einnig leggja ráðgjafar til að boðunaræfing fari fram nokkru áður en boðað er til vettvangsæfingar.
- Á þessari æfingu var samráðshópur áfallahjálpar ekki boðaður og ekki var haft samband við presta í þeirra neyðarnúmer. Þetta er atriði sem í nokkurri mótsögn við eitt af markmiðum æfingarinnar og þarf að kanna frekar þegar kemur að boðunaræfingum til að tryggja að þetta gerist ekki aftur.
- Fara þarf ofan í saumana á boðun heilbrigðisstarfsmanna og tryggja skráningu þeirra í BJARGAR grunninn.
- Æfingastjórn leggur til að fræðsla (skrifborðsæfing) um skipulag almannavarna verði haldin árlega meðal viðbragðsaðila innan umdæmis lögreglunnar á Eskifirði og að starfsfólk HSA fari árlega yfir bráðaflokkun, áverkamat og uppsetningu á Söfnunarsvæði slasaðra (SSS). Einnig að staðsetning SSS með tilliti til slysa verði skoðuð sérstaklega. Þá leggur æfingastjórn til að keyptar verði merkingar fyrir verkþáttastjóra og VST (vesti) og verði þessar merkingar vistaðar í bifreiðum viðbragðsaðila. Nánar á bls. 19.

Undirbúningur

Undirbúningur að hópslysaæfingu í umdæmi lögreglunnar á Eskifirði hófst vorið 2011. Jónas Wilhelmsson yfirlögregluþjónn og Guðmundur Sigfússon slökkviliðsstjóri bára hitann og þungann af undirbúningi þessarar æfingar og aðrir viðbragðsaðilar umdæmisins sýndu henni áhuga strax frá því að undirbúningur hófst. Æfingastjórn var skipuð á vordögum og notaði símafundi í sínum undirbúningi auk þess sem fulltrúar almannavarnadeildar eyddu einum degi á Austfjörðum til undirbúnings.

Æfingastjórn/stýrihópur vettvangsæfingar:

Víðir Reynisson avd-RLS, Íris Marelsdóttir avd-RLS, Jónas Wilhelmsson Lögreglan Eskifirði, Guðmundur Sigfússon Slökkvilið Fjarðabyggðar.

Þátttakendur- tengiliðir þeirra og netföng:

Innan umdæmis:

Lögreglan á Eskifirði, Jónas Wilhelmsson jonas.wilhelmsson@tmd.is

Slökkviliðið í Fjarðabyggð/sjúkraflutningar, Guðmundur Sigfússon mummi@fjardabyggd.is

Björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar (SL), Pálmi Benediktsson palmi@gerpir.is

Heilbrigðisstofnun Austurlands og sjúkraflutningar innan umdæmis, Valdimar O. Hermannsson valdimarh@hsa.is

Rauða kross deildir umdæmis, Sigríður Herdís Pálsdóttir siggadis@redcross.is

Almannavarnanefnd umdæmis, Inger L. Jónsdóttir/Helgi Jenson fltr. staðg. Lstj. Inger.L.Jonsdottir@syslumenn.is helgi.jensson@syslumenn.is

Páll B. Guðmundsson, pall.b.gudmundsson@fjardabyggd.is

Þjóðkirkjan, Hólmgrímur E. Bragason, holmgrimir@simnet.is

Sigurður Rúnar Ragnarsson, sigurdur.runar.ragnarsson@kirkjan.is

Leikfélagið, tengiliður vegna leikara, María Haraldsdóttir maria@redcross.is

Þátttakendur utan umdæmis (ráðgjafar):

Lögreglan á Seyðisfirði, Hjalti Bergmar Axelsson, hjaltiberg@tmd.is

Almannavarnadeild RLS (avd-RLS), Víðir Reynisson, vidir@rls.is Íris Marelsdóttir, iris@rls.is

Slysavarnafélagið Landsbjörg (SL), Ingólfur Haraldsson, ingolfur@landsbjorg.is

Slökkvilið Akureyrar, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, bjornh@akureyri.is

Neyðarlínan, Garðar Gíslason, gardar.gislason@112.is

Landspítali, Bára Benediktsdóttir, baraben@landspitali.is

Rauði Kross Íslands (RKÍ), Jón Brynjar Birgisson, jon@redcross.is

Fjármögnun æfingar:

Hvert embætti /stofnun bar ábyrgð á sínum kostnaði vegna æfingarinnar. *Annar kostnaður:* ferðir ráðgjafa, laun, bílaleigubílar, útvegur leikmuna, tryggingar, matur, kostnaður vegna boðsgesta (rúta og hressing). Avd-RLS ber ábyrgð á að tryggja leikara.

Markmið æfingar var að:

Æfa samstarf og samhæfingu viðbragðsaðila á vettvangi.

Kanna áfallaþol umdæmisins og samvinnu innan umdæmisins.

Nota æfinguna sem innlegg í gerð viðbragðsáætlunar vegna hópslysa í umdæminu.

Upplýsingar til að vinna úr að æfingu lokinni:

Upplýsingar, sem nýtast við gerð nýrrar viðbragðsáætlunar vegna hópslysa í umdæminu.

Upplýsingar um færni og viðbúnað viðbragðsaðila.

Upplýsingar um áfallaþol í umdæminu.

Upplýsingar um áfallahjálp, og eftirfylgni við þolendur.

Fundir og fræðsla vegna æfingarinnar:

8. september kl. 10.00 Fræðslufundur með aðgerðastjórn (AST), staðsettur á Mjóeyri, avd-RLS kynnti SÁBF (Stjórnun-áætlun-bjargir-framkvæmd) og skipulag almannavarna.

8. september kl. 16.00 Fræðslufundur með öllum þátttakendum innan umdæmis í Grunnskóla Eskifjarðar. Farið var yfir æfinguna, SÁBF og bráðaflokkun.

16. september kl. 10.00 Skrifborðsæfing fyrir aðgerðastjórn (AST). Æft var SÁBF innan AST.

16. september kl. 20.00 Fræðslu- og kynningarfundur fyrir þá sem léku sjúklinga, í Grunnskóla Reyðarfjarðar

16. september kl. 20.00 Fræðslufundur fyrir sjálfboðaliða í fjöldahjálp (Rauða kross fólk, kvenfélagskonur og presta).

16. september kl. 21.00. Fundur var haldinn með ráðgjöfum á Fjarðarhótel.

17. september kl. 10.00. Fundur með þátttakendum. Allir þátttakendur mættu í Grunnskóla Reyðarfjarðar og að loknum stuttum fundi var æfingin sett. Farið yfir öryggisreglur og framgang æfingarinnar. Öryggisreglur er að finna í viðauka.

17. september kl. 14.00 Rýnifundur í æfingalok í Grunnskóla Reyðarfjarðar.

Skrifborðsæfing fyrir AST:

Daginn fyrir vettvangsæfingu fékk AST að spreyta sig á stjórnun slyss innan umdæmis lögreglunnar á Eskifirði. Sviðsmynd þessarar æfingar er að finna í viðauka. Æfingin gekk vel og góð mæting var hjá AST.

Tegund æfingar og takmarkanir:

Vettvangsæfing á Vattarnesvegi nr. 955 neðan við gangnamunna Fáskrúðsfjarðargangna með slysi á 28 manns. Áætlunarbíll og fólksbíll. Að auki var settur inn árekskur tveggja fólksbíla til hliðar við stóra vettvanginn. Áhersla var lögð á samstarf viðbragðsaðila. AST var virkjuð og vettvangsstjóri og verkþáttastjórar voru skipaðir á slysstað, það er: björgunarstjóri, gæslustjóri, aðhlyningarstjóri og flutningastjóri. Bakvaktarmaður avd-RLS tók að sér að leika hlutverk Samhæfingarstöðvar (SST) í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð 14 á móti AST. Rauði kross Íslands (RKÍ) opnaði fjöldahjálparstöð í Grunnskólanum á Reyðarfirði en tenging fjöldahjálparstöðvar við samráðshópa áfallahjálpar og áfallahjálparteymi var ekki æfð. Æft var í rauntíma og raunveðri. Allir sjúklingar voru fluttir í Grunnskólann á Reyðarfirði og sjúklingaferlið var ekki æft lengra. Neyðarlínan tók þátt í æfingunni og einn neyðarvörður sá um fyrstu boðun og aðrar boðanir sem beðið var um af AST. Hópslysaáætlun var ekki fullklárúð þegar æfingin fór fram.



Mynd: Ingólfur Haraldsson

Gátlisti undirbúnings á tímabilinu 1.- 17. september:

Undirbúningur almannavarnadeildar hófst þann 1. september en byrjaði fyrr í umdæminu.

Verkefni	Ábyrgð
Fræðsla um bráðaflokkun	Íris Marelsdóttir
Fræðsla um SÁBF	Víðir Reynisson og Íris Marelsdóttir
Skrifborðsæfing fyrir AST	Íris Marelsdóttir
Flug ráðgjafa, 16.9 kl. 7.30 frá RVÍK 17.9. kl. 18.10 frá Egilsstöðum	Hver fyrir sig
Gisting eftirlitsaðila, Fjarðarhótel,	Íris Marelsdóttir
Gera æfingahandrit	Æfingastjórn
Loftmynd/kort af svæðinu	Almannavarnadeild, (var ekki gert)
Fjarskiptaplan æfingarinnar	Rögvaldur Ólafsson
Önnur fjarskipti s.s. GSM	Æfingastjórn
Skráning á æfingu og fjöldi þátttakenda	Tengiliðir innan umdæmis
Kostnaður vegna æfingar	Æfingastjórn
Setning og öryggisreglur æfingarinnar	Víðir Reynisson
Húsnæði fyrir SSS og fjöldahjálparstöð	Æfingastjórn
Koma með bráðaflokkunarspjöld	Íris Marelsdóttir
Samband við aðila utan umdæmis: SL, 112, LHG,	Íris Marelsdóttir
Tryggja leikara	Íris Marelsdóttir
Útvega leikara sem eru aðstandendur	RKÍ - leikfélagið
Útvega leikara sem eru sjúklingar	RKÍ - slysavarnadeildir
Áverkalýsingar	RKÍ - landsskrifstofa
Smink og sminka	RKÍ
Smink-aðstoðarmenn	RKÍ
Aðstaða fyrir smink	RKÍ
Matur-farartæki og eftirlit með leikurum (sjúklingar)	RKÍ-slysavarnadeildir
Ljúka áætlanagerð	Jónas Wilhelmsson
Finna búnað til æfingar: dekk, gámar reykvél, bílflök, hindranir	Slökkvilið/Fjarðabyggð
Finna áætlunarbíl fyrir leikara	Jónas Wilhelmsson
Lokanir á veginum	Vegagerð innan umdæmis
Virkja samráðshóp áfallahjálpar	Æfingastjórn
Merkingar biðsvæða, söfnunarsvæða, akstursmerkingar	Slökkvilið
Hressing fyrir alla eftir æfingu	Fjarðabyggð (Gunnar J.)

Framkvæmd

Eins og fram hefur komið var æfingin formlega sett laugardaginn 17. September kl. 10.00 með fundi í Grunnskólanum á Reyðafirði. Allir þátttakendur voru boðaðir á fundinn. Á þessum fundi var farið yfir öryggisreglur æfingarinnar (viðauki nr. 2), umferðarskipulag var rætt og þátttakendur beðnir að sýna íbúum bæjarins tillit. Þá var sagt frá því að æfingin yrði keyrð hægt áfram og tekin hlé ef á þyrfti að halda. Síðan var æfingin boðuð og fyrstu viðbragðsaðilum hleypt af stað frá skólanum. Aðrir voru látnir bíða aðeins til að ná fram rauntíma aksturs frá þeirra bækistöðvum.

Tímasetning:

10.30 – 15.00 laugardaginn 17. september. Neyðarlína boðaði æfinguna strax að loknum undirbúningsfundi í Grunnskólanum á Reyðarfirði. Æfingastjóri hafði samband við Neyðarlínu í síma 112.

Eftirtaldir viðbragðsaðilar voru boðaðir í fyrsta viðbragði:

- Allir sjúkraflutningar í næsta nágrenni (Egilsstaðir, Reyðarfjörður, Norðfjörður, Mjóifjörður, Fáskrúðsfjörður, Breiðdalsvík)
- FMR tilkynnt um slysið og þeir boðuðu lögregluna á Eskafirði
- Slökkvilið Fjarðabyggðar
- Björgunarsveitir SL á svæði 13
- Hringt í bakvakt avd-RLS. Á bakvakt var Ágúst Gunnar Gylfason
- Sjúkraflug boðað
- LHG tilkynnt um slysið. Ekki var gert ráð fyrir þátttöku þeirra í æfingunni
- Hringt í 70 mann hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Ekki var gert ráð fyrir þeirra þátttöku
- RKÍ deild umdæmis

Ráðgjöf til bakvaktar avd-RLS og ráðgjafa:

Æfingin á að vera á rólegum hraða.

Það má gera hlé ef óskað er eftir.

Ráðgjafar gefa ráð hvenær sem óskað er eftir og hafa einnig frumkvæði að ráðgjöf.

Verkefni bakvaktar SST eru að fylgjast með sjúkraflutningum úr umdæminu, boða fleiri aðila ef óskað er eftir og vera til taks ef eitthvað óvænt skyldi gerast.

Ráðgjafar fengu gátlista um rýni stórslysaæfinga í hendur áður en æfing fór af stað.

Fjarskipti - TETRA hópar:

SST- AST : av-uppk_1

AST-VST: av-AL_1

Verkþáttastjórar : av-AL_2

Ráðgjafar og æfingastjórn: av- æfing 1

Allir ráðgjafar voru með TETRA stöðvar

Önnur samskipti voru ekki notuð nema í örlytlum mæli á milli æfingastjóra og bakvaktarmanns avd-RLS

Vettvangur :

Vettvangur var staðsettur við Vattarnesveginn nr. 955 svo sem áður hefur komið fram. Búið var að raða saman fimm bíflökum sem áttu að vera áætlunarbíll og fólksbíll í árekstri. Fremsti bíllinn var óstöðugur á árbakka. Sjúklingar voru í árfarveginum. Aðeins utar voru tvö bíflök og þar voru 3 sjúklingar auk eins sem var á vafri um móann í nágrenninu. Góð rudd plön voru beggja vegna árinna. Engin umferð var á veginum. Veður var gott. Logn og um 8 stiga hiti. Sólarlaust. Æfingastjóri var staðsettur á vettvangi ásamt ráðgjöfum.

Fjöldahjálparstöð:

Fjöldahjálparstöð var rekin af deildum RKÍ í Grunnskólanum á Reyðarfirði og eftir aðhlyningu grænna sjúklinga var ferlið ekki æft lengra. Leikarar komu og æfðu hlutverk aðstandenda. Starfsmaður æfingastjórnar var staðsettur við fjöldahjálparstöðina og stýrði umferð sjúkrabíla til og frá skólanum. Allir sjúkrabílar þurftu að taka 5-10 mínútna hlé áður en þeim var hleypt aftur inn á vettvanginn.

Aðgerðastjórn (AST):

Var staðsett á slökkvistöðinni á Mjóeyri. Samtals voru 11 mættir til æfingarinnar frá AST. Jónas Wilhelmsson yfirlögregluþjónn var aðgerðastjóri. Í lok æfingar var sviðsettur fjölmiðlafundur í AST þar sem aðgerðastjóri fékk valdar spurningar til að svara. Ráðgjafi var staðsettur í AST og lagði mat á starfsemi AST.

Samskipti AST, vettvangs og fjöldahjálparstöðvar:

Samskipti fóru fram á TETRA. Fulltrúar æfingastjórnar voru á öllum þessum stöðum og höfðu samband sín á milli á TETRA. Það gekk vel.



Mynd: Íris Marelsdóttir

Fjöldi viðbragðsaðila og þátttakenda í æfingunni :

	112	Avd- RLS	Lögregla	Slökkvilið sjúkraflutn	SL	HAS LSH	RKÍ	Kirkjan	Sjúklingar	Samtals
Á varðstofu 112	1									1
Bakvakt avd-RLS		1								1
Viðbragðsaðilar á vettvangi			6	29 14/15	20	3	1		28	87
Verkþáttastjórar og vettvangsstjóri			2	1	2	1				6
AST			1	2	5	2	1			11
Fjöldahjálp							18	2		20
Æfingastjórn		2	1	1						4
Ráðgjafar	1		1	1	1	1	1			6
Samtals	2	3	11	34	29	7	20	2	28	136



Mynd: Íris Marelsdóttir

Gátlisti framkvæmdar:

Viðbragðsaðilar mæta kl. 10.00 í Grunnskóla Reyðarfjarðar. Boðun strax að loknum upphafsfundu.

Verkefni	Ábyrgð
Tilkynning til LHG, flugstjórn, lögreglu sólarhring áður en æfing hefst	Æfingastjóri, Íris Marelsdóttir
Setning æfingar í Grunnskólanum á Reyðarfirði	Æfingastjórn
Öryggisreglur, eru í viðauka	Víðir Reynisson
Aksturskipulag björgunarþingreiða við skólann	Æfingastjórn
Hafa samband við 112, biðja um boðun	Æfingastjóri, Íris Marelsdóttir
Boðun viðbragðsaðila kl. 10.35	Neyðarlínan
„Keyra æfinguna“, upphaf, lok, hlé,	Æfingastjóri
Slysavettvangur, dreifa sjúklingum	Jón Brynjar, Ingólfur, Bára
Talstöðvar fyrir ráðgjafa	Víðir Reynisson
Eftirlit og ráðgjöf með:	-----
<i>með AST</i>	Víðir Reynisson
<i>með aðhlyningarstjóra</i>	Bára Benediktsdóttir
<i>með vettvangsstjórn</i>	Íris Marelsdóttir
<i>með björgunarstjóra</i>	Björn Heiðar Sigurbjörnsson
<i>með gæslustjóra</i>	Hjalti Bergmar Axelsson
<i>með flutningstjóra</i>	Ingólfur Haraldsson
<i>með heilbrigðisstofnun</i>	Bára Benediktsdóttir
<i>með fjöldahjálparstöð</i>	Jón Brynjar Birgisson
Einkennisvesti fyrir ráðgjafa	Íris Marelsdóttir
Hlutverk SST, leikið af:	Bakvakt almannavarna, Ágúst G. Gylfason



Mynd: Ingólfur Haraldsson

Þáttur fjölmiðla

Eftirfarandi fréttatilkynning var send til staðarfjölmiðla og RÚV þegar æfing var hafin:

Á morgun laugardaginn 17. september 2011 munu almannavarnir í umdæmi lögreglustjórans á Eskifirði standa fyrir hópslysaæfingu við Reyðarfjörð í samvinnu við Almannavarnardeild ríkislögreglustjórans. Allir viðbragðsaðilar munu koma að æfingunni, en það eru lögreglan, slökkvilið, heilsugæslan HSA, björgunarsveitir og Rauði krossinn. Æfing sem þessi útheimtir mikla undirbúningsvinnu og afar brýnt að hún gangi vel. Íbúar á Reyðarfirði munu verða varir við talsverða umferð ökutækja þessara aðila. Aðilar gera sér grein fyrir því að æfingunni muni ef til vill fylgja eitthvert áreiti en vill fyrirfram biðjast velvirðingar á því ef að svo fer.

Jónas Wilhelmsson Jensen, yfirlögregluþjónn

Ingólfur Haraldsson, ráðgjafi Slysavarnafélagsins Landsbjargar sendi fréttatilkynningu ásamt myndum til upplýsingafulltrúa Slysavarnafélagsins og var frétt með myndum komið fyrir á vefsíðu Slysavarnafélagsins. Jón Brynjar Birgisson skrifaði einnig frétt með myndum sem birtist á vef RKÍ.

Umfjöllun fjölmiðla um æfinguna er að finna í viðauka nr. 5.

Leikarar voru fengnir til að taka sæti á fjölmiðlafundi í lok æfingar og spyrja aðgerðastjóra út í gang æfingarinnar.

Gátlisti vegna fjölmiðla :

Verkefni	Ábyrgð
Fréttatilkynning	Lögreglan, æfingastjóri
Leikinn fjölmiðlafundur AST þann 17. sept	Víðir Reynisson
Skrá staðarfjölmiðla	Lögreglan
Afrit af videoefni	Lögreglan
Senda efni til fjölmiðla	Lögreglan

Rýni

Rýni var framkvæmd með þeim hætti að ráðgjafar fylgdust með verkþáttastjórum, vettvangsstjóra, aðgerðastjórn og fjöldahjálparstöð. Í lok æfingar sendu ráðgjafar frá sér skýrslur og er þær að finna í þessum kafla. Á rýnifundi sem haldinn var í lok æfingar tóku lykilaðilar æfingar til máls og greindu frá sinni upplifun af æfingunni. Helstu niðurstöður fundarins er að finna hér fyrir neðan og fundargerð rýnifundar er að finna í viðauka nr. 4.

Dagskrá rýnifundar:

1. Setning: Víðir Reynisson
2. Upplifun leikara: Jón Brynjar Birgisson
3. Verkþáttastjórar:
 - a. Björgunarstjóri: Steinn Björgvin Jónasson, Slökkviliði Fjarðabyggðar
 - b. Aðhlyningarstjóri: Pétur Gauti Hreinsson, sjúkraflutningamaður
 - c. Gæslustjóri: Þórhallur Árnason, lögreglan Eskifirði
 - d. Flutningastjóri: Ingi Lár, Slysavarnafélagið Landsbjörg
4. Vettvangsstjóri: Þór Þórðarson, lögreglan Eskifirði
5. Fjöldahjálpar: Ingibjörg Ólafsdóttir, Rauða kross deild Fjarðabyggðar
6. Aðgerðastjóri: Jónas Wilhelmsson, lögreglan Eskifirði
7. Umræður: Víðir Reynisson stjórnaði umræðum
8. Nokkur atriði frá prestum: Jóna Kristín Þorvaldsdóttir skilaði inn stuttri skýrslu frá prestum
9. Æfingastjóri – samantekt í lokin: Íris Marelsdóttir
10. Sveitarstjóri Fjarðarbyggðar: Páll Björgvin Guðmundsson sveitarstjóri Fjarðabyggðar

Niðurstaða rýnifundar þann 17. september:

1. Flestir voru ánægðir með störf viðbragðsaðila og flestir vilja taka aftur þátt í svona æfingu. Um helmingi „sjúklinga“ (leikara) varð kalt og örfáum fannst viðbragðsaðilar latir að taka lífsmörk.
2. Umfang þessa „slyss“ var stórt en sjúklingar voru 28 og viðbragðsaðilar á vettvangi um 60.
3. Samvinna á vettvangi var góð.
4. Fjarskipti voru hnökrótt til að byrja með en úr því var bætt eftir örstutt hlé. Fjarskiptaskipulag var til staðar en það var ekki kynnt nógu vel í upphafi æfingar. Vel gekk að kynna það og koma öllum aðilum inn í réttan talhóp þegar þessi vandi varð mönnum ljós.
5. Merkingum á vettvangi var ábótavant og skýrleika skipulagsins vantaði.
6. Umferðarskipulagið mátti bæta.
7. Mönnum yfirsást að það var annar minni vettvangur innan vettvangsins þar sem einnig voru slasaðir.
8. Vettvangsstjóri hafði ekki nægilega góða yfirsýn. Það gleymdist að skila til hans talningarspjöldum um bráðaflokkun og hann fékk ekki heldur upplýsingar um bjargir á vettvangi. Betra hefði verið að skipa fulla vettvangsstjórn.
9. Í stuttri greinargerð frá prestum umdæmisins kom fram að samráðshópur áfallahjálpar var ekki virkjaður og ekki var haft samband við presta í þeirra neyðarnúmer.

Rýnskýrslur frá ráðgjöfum, niðurstöður:

Ráðgjafar fengu afhendan gátlista vegna rýni í upphafi æfingarinnar. Gátlistann er að finna í viðauka nr. 6. Þessum listum var ekki skilað til æfingastjóra eftir æfinguna en allir ráðgjafar skiluðu skýrslum og er þær að finna hér.

Ráðgjafi björgunarstjóra; Björn H. Sigurbjörnsson, Slökkvilið Akureyrar: Ekki náðist að tryggja vettvang, ekki nægileg yfirsýn. Vantaði betri merkingar á vettvanginn. Bjargir of nálægt vettvangi. Fjarskipti í ólagi. Of seint kemur í ljós að vettvangar eru í raun tveir. Of mikið áreiti á björgunarstjórnann. Hann er röggSAMUR og góður stjórnandi og sinnir sínum mönnum ef til of mikið. Vantar yfirsýn yfir fjölda slasaðra á vettvangi. Slökkvilið og sjúkraflutningarmenn eru vel þjálfuð lið. Ekki átti að láta sjúkraflutningamenn bráðaflokka líka heldur fara beint í að sinna þeim sem búið var að bráðaflokka. Of mikið „kaos“ á vettvangi. Söfnunarsvæði slasaðra (SSS) var staðsett of nálægt bílum sem voru í gangi. Of mikill akstur umhverfis SSS. Flutningar slasaðra fóru of seint af stað. Er ekki réttara að skilgreina SSS inni í húsi nálægt vettvangi og láta lækna fylgja með fyrstu bifreiðum þangað? undirbúningur fyrir þessa æfingu var ekki nægilegur. Margir á vettvangi þekktu ekki hlutverk sitt innan skipulags almannavarna.

Ráðgjafi aðhlyningarstjóra; Bára Benediksdóttir, Landspítala: Sjúkraflutningar fara seint af stað. Merkingum á svæðinu er ábótavant. Umferð í kringum SSS var ekki undir öruggri stjórn. Síðasti sjúklingur fór í bíl kl. 12.15. „Platliðið“ frá heilbrigðisþjónustu hafði truflandi áhrif á æfinguna. Vantaði betri upplýsingar um bjargir inn á vettvanginn. Vantaði upplýsingar um flutningsgetu. Vantaði betri merkingar inn á vettvanginn. Gríðarlega mikilvægt að merkja aðstoðarmenn heilbrigðisstarfsmanna. Fjarskiptum var ábótavant. Hjúkrunarstjórar voru ekki boðaðir. Björgunarsveitarfólk stóð sig vel. Vantaði upplýsingar um hve margir heilbrigðisstarfsmenn mundu skila sér inn á vettvanginn.

Ráðgjafi gæslustjóra; Hjalti Bergmar Axelsson, Lögreglan Seyðisfirði: Mér finnst rétt að taka það fram að mér sýnist sem svo að ég eigi að gefa umsögn um störf gæslustjóra. Á æfingunni var ég hinsvegar vettvangsstjóra innan handar en ég náði þó að fylgjast með störfum gæslustjóra. Við upphaf æfingarinnar voru menn settir í hlutverk verkþáttastjóra og vettvangsstjórn komið á. Mjög mikið áreiti var á vettvangsstjóra þar sem hann var alveg inni á vettvangnum til að byrja með. Fjarskiptaskipulag var ekki kynnt fyrir æfinguna eins og ég tel að hefði átt að gera og var því mjög erfitt fyrir vettvangsstjóra að ná utan um þá verþætti sem hann þurfti til að fá yfirsýn. Gæslustjórinn er reyndur lögreglumaður og sinnti hann starfi sínu mjög vel, hann vann vel á vettvangi og hans fólk. Það sem mér fannst upp á vanta varðandi starf gæslustjóra var að hann virtist ekki hafa verið settur nægilega vel inn í hlutverk gæslustjóra, það er hversu mikilvægt hver fjöldi aðila í slysinu er, talningin skiptir mjög miklu máli. Gæslustjóri hélt vel utan um hverjir áttu erindi inni á vettvanginn og hverjir ekki. Ég tel að rétt hefði verið að setja gæslustjóra inn í hans hlutverk á skrifborðsæfingu fyrir æfinguna sjálfa. Gæslustjóri hefði þá verið betur undirbúinn fyrir sitt hlutverk m.t.t. til talningar aðila í slysinu, umferðar um vettvang og skipulag. Ég tel að allir hafi unnið sitt starf mjög vel og af kostgæfni en upp á hafi vantað að skýra hlutverk hvers og eins í æfingunni sem og vantaði að kynna fjarskiptaskipulag almannavarna með góðum fyrirvara. Ég tek undir með öðrum ráðgjöfum varðandi skipulag á vettvangi, mikið var sett á lítið svæði og skapaði það ákveðið „kaos“.

Ráðgjafi flutningsstjóra; Ingólfur Haraldsson, Slysavarnafélaginu Landsbjörg: Flutningsstjóri var með síðustu björgum á svæðið og var smá tíma að fá yfirsýn. Verkþáttastjórar vissu ekki af hver öðrum lengi vel og unnu ekki saman. Þetta hefði mátt laga með skrifborðsæfingu dagana á undan æfingunni.

Verkþáttastjórar voru illa eða ekki sér merktir, vantaði að þeir væru merktir þannig að þeir skæru sig úr. Flestir aðilar voru ágætlega merktir en það vantaði heildarsýn á merkingar. Legg til að samhæfð almannavarnavesti verði í tækjum eininga, merkt viðkomandi verkþáttastjóra. Einhverra hluta vegna gengu fjarskipti ekki í fyrstu og virtist það vera vegna þekkingaleysis verkþáttastjóra á skipulaginu. Þetta má leysa með því að allir viðbragðsaðilar temji sér notkun á almannavarnaskipulagi í öllum þeim aðgerðum þar sem tveir eða fleiri viðbragðsaðilar vinna saman. Eins að blað með hlutverki viðkomandi og fjarskiptaskipulag sé í öllum tækjum.

Þetta á ekki aðeins við um þetta svæði heldur allt landið. Skrifborðsæfing hefði geta leyst þetta fyrir æfinguna en atriðið hér á undan er frekari lausn til frambúðar.

Ráðgjafi vettvangsstjóra; Íris Marelsdóttir, avd-RLS: Vettvangsstjóri mætti þegar fyrstu sjúkrabílar og slökkvilið var komið á vettvang. Það tók hann svolítinn tíma að átta sig og var hann að sinna hlutverki vettvangsstjóra í fyrsta sinn. Minni vettvangurinn kom ekki í ljós alveg strax. Fjarskiptin voru ekki lagi og var gert hlé til að bæta úr því. Það tók örskamma stund að setja alla á sama talhóp. Vettvangsstjórinn var of fáliðaður. Stöðufundir voru ekki haldnir á vettvangi og skýrist það að hluta til af álagi á verkþáttastjóra sem ekki gátu litið upp. Vettvangsstjóri sinnti sínu hlutverki vel, náði vel til viðbragðsaðila, hélt ró á vettvangnum, en náði ekki yfirsýn fyrr en í lokin vegna skorts á aðstöðu og mannafla inn í vettvangsstjórn (VST) en ekki var gert ráð fyrir að manna VST samkvæmt æfingahandriti. Talningaspjöldum úr bráðaflokkum var ekki skilað til vettvangsstjóra fyrr en í lokin og talning var alveg rétt.

Ráðgjafi aðgerðastjórnar; Víðir Reynisson, avd-RLS: Aðeins betri þekkingu vantaði á SÁBF. Fjarskiptaskipulagið var ekki þekkt hjá öllum og voru of margir að tala við verkþáttastjóra eða svara fyrir AST. Allir með TETRA þurfa að hafa hlustun í eyra. **Sitewatch** þarf að vera aðgengilegt í AST. Upplýsingatöflur og skjávarpar var vel notaður búnaður fyrir hnitmiðaðar upplýsingar. Skoða betur flæði upplýsinga á milli aðhlyningarstjóra og vettvangsstjóra. Bæta þarf merkingar á fólki sem starfar innan AST, t.d. með því að nota merkt vesti. Almennt var ró yfir starfseminni og lítill hávaði.

Ráðgjafi fjöldahjálpar og sjúklinga; Jón Brynjar Birgisson, RKÍ: **Sjúklingar:** Mjög vel gekk að útvega sjúklinga og þeir voru vel undirbúnir, stundvísir og áhugasamir. Ekki hafði verið hugað að flutningi fyrir sjúklinga í undirbúningi æfingarinnar en því var bjargað kvöldinu fyrir æfinguna. Förðun og uppsetning vettvangs gengu hratt og vel og töfðu ekki fyrir upphafi æfingarinnar sem hófst nánast á sömu mínútu og áætlað hafði verið. Reyðarfjarðardeild Rauða krossins útvegaði öllum sjúklingum teppi fyrir æfinguna en það er nauðsynlegt að hver leikari hafi teppi enda hefur reynslan sýnt að þeim verður alla jafna mjög kalt á vettvangi. Það eykur líka enn á kælinguna að SSS er staðsett utandyra og sjúklingarnir þurfa að liggja á kaldri jörðinni á bakbrettum í lengri tíma. Gott veður hjálpaði þó til og margir sjúklinganna kvörtuðu ekki undan kulda. Margir sjúklinganna hefðu mátt vera meira „lifandi“, þ.e.a.s. að leika betur áverkana og tilheyrandi sársauka. Leikararnir eru samt unglingar sem eiga oft erfitt með að setja sig í hlutverk og eru jafnvel feimnir við það.

Fjöldahjálpar: Boðun skilaði sér seint og stundum aldrei til Rauða kross fólks. Tvennt kemur til: Boðunin gleymdist og boðunarlistarnir voru í sumum tilfellum ófullnægjandi. Boðunarprófun einhverjum dögum fyrir æfinguna líkt og gert er fyrir flugslysaæfingar hefði getað hjálpað til. Landsskrifstofa Rauða krossins mun fara yfir boðunarlista með deildum í Fjarðabyggð í kjölfarið. Rauða kross fólk og annað stuðningslið (kvenfélag, slysavarnadeild, prestar, munkur og starfsfólk skólans) var fjölmennt á æfingunni og hafði fengið ágætan undirbúning. Fjöldahjálparstöð og söfnunarsvæði fyrir aðstandendur voru starfrækt samhliða og sameining fjölskyldna var æfð. Æfa hefði mátt samskipti fjöldahjálparinnar við samráðshóp áfallahjálpar í umdæminu til að nýta æfinguna sem best. Margir sjúklingar héldu sig í hlutverkum þegar þeir komu í fjöldahjálparstöðina þannig að hún nýttist sem best fyrir sálrænan stuðning. Hlutverk aðstandenda hjálpuðu einnig mjög til þrátt fyrir að aðstandendur hafi ekki verið nægilega margir.



Mynd: Ingólfur Haraldsson

Gátlisti vegna rýni:

Verkefni	Ábyrgð
Rýnifundur, undirbúningur	Æfingastjórn
Rýnifundur, boðun send öllum þátttakendum æfingarinnar	Jónas Wilhelmsson og æfingastjórn
Rýnifundur, stjórnun	Víðir Reynisson
Rýnifundur, dagskrá: <i>Eftirlitsaðilar fara yfir æfinguna Umræða og fyrirspurnir</i>	Æfingastjóri
Rýnifundur, ritun	Íris Marelsdóttir
Sniðmát rýniskýrslu sent æfingastjórn til yfirlestrar	Íris Marelsdóttir
Ráðgjafarýni, skýrsluform og gátlisti	Íris Marelsdóttir
Rýniskýrsla æfingar	Íris Marelsdóttir
Dreifing rýniskýrslu	Íris Marelsdóttir
Eftirfylgd rýni	Almannavarnanefnd

Niðurstöður

1. Flestir „sjúklinganna“ voru ánægðir eftir æfinguna og vildu gjarnan vera með aftur.
2. Almenn ánægja þátttakenda kom fram á rýnifundinum.
3. Viðbragðsaðilar á Austfjörðum eru vel þjálfaðir og kunna vel til verka.
4. Fjarskiptaskipulag var til staðar í þessari æfingu og hafði verið sett niður á blað. Það var ekki kynnt nægilega vel fyrir verkþáttastjórum, vettvangsstjóra eða aðgerðastjórn.
5. Af vettvangi var þessum atriðum helst ábótvant: Vettvangur var ekki tryggður nægilega vel. Betri merkingar vantaði inn á vettvanginn. Skipulagið var ekki nógu sýnilegt. Vantar betri þekkingu á SÁBF og skipulagi almannavarna. Vettvangsstjórn var ekki virkjuð og var vettvangsstjóri því of faliðaður. SSS hefði átt að vera fjær vettvangi og innan dyra. Sjúklingum varð kalt við að liggja of lengi úti. Verkþáttastjórar voru ekki nógu vel merktir og ekki heldur vettvangsstjóri. Talningaspjöld vegna bráðaflokkunar skiluðu sér of seint til vettvangsstjóra.
6. Það var ró og yfirvegun innan AST. Hvað tækjabúnað varðar þá vantar aðgang að **sitewatch** inn í bækistöð aðgerðastjórnar.
7. Boðun vegna fjöldahjálpar var ófullnægjandi og einnig var boðun heilbrigðisstarfsfólks ekki nógu góð. Eins var samráðshópur áfallahjálpar ekki boðaður og ekki var haft samband við presta í þeirra neyðarnúmer.

Tillögur til úrbóta

Til að æfing af þessum toga nái alveg markmiðum sínum þarf að tryggja að allir þekki það skipulag sem almannavarnir vinna eftir. Eins þarf fjarskiptaskipulagið að vera til staðar og aðilar þurfa að þekkja það. Allar merkingar á slysavettvangi þurfa að undirstrika skipulag almannavarna og auðvelda viðbragðsaðilum störf á vettvangi. Æfingastjórn leggur til að eftirfarandi atriði verði tekin til skoðunar meðal viðbragðsaðila á Austfjörðum:

1. Skrifborðsæfing verði haldin árlega fyrir helstu viðbragðsaðila innan umdæmisins. Æft verði hlutverk AST, VST og verkþáttastjóra. Einnig verði farið yfir það fjarskipaskipulag sem notað er þegar almannavarnaástand ríkir í umdæminu. Í tengslum við skrifborðsæfingu verði boðunaræfing.
2. Heilbrigðisstarfsmenn hafi reglulega fræðslu þar sem farið er yfir bráðaflokkun, áverkamat, staðsetningu og uppsetningu á SSS en það þarf ekki að vera innan slysavettvangs. Helsta reglan er að það þarf að vera innandyra og í næsta nágrenni við umferðaræðar. Yfirmenn HSA skoði boðunarskrár vegna stórslysa og æfi boðun reglulega. Viðbragðsáætlun sé yfirfarin árlega.
3. Keyptar verði merkingar fyrir verkþáttastjóra og vettvangsstjórn, til dæmis vesti og verði þessar merkingar vistaðar í bifreiðum viðbragðsaðila. Einnig verði fjarskiptaskipulag prentað út og plastað og það vistað í sömu bifreiðum.
4. Gátlistar vegna rýni verði aðlagðir að hverjum verkþætti fyrir sig.
5. Boðun viðbragðsaðila verði skoðuð sérstaklega og bætt úr með skráningu í BJARGAR grunninn.

Viðaukar

Viðauki 1. Sviðsmynd skrifborðsæfingar þann 16. september.

Sviðsmyndin

ÆFING - Bílslys við Fáskrúðsfjarðargöngin – ÆFING

Skrifborðsæfing fyrir AST Eskifjarðar þann 16. sept 2011

FÓLKFLUTNINGABIFREIÐ fór út af veginum við Fáskrúðsfjarðargöng núna rétt í þessu. sl. föstudagskvöld. Talið er að 10 ungmenni séu í bílnum og er ekki vitað nánar um ástand þeirra.

Ökumaður bílsins, sem var á norðurleið, missti stjórn á bíl sínum með þeim afleiðingum að hann hafnaði utan vegar, lenti þar á stólpa og staðnæmdist loks með afturendann ofan í skurði. Billinn skemmdist mikið.

Þyrlur LHG eru ekki til taks.

The image is a composite of two parts. On the left is a perfume advertisement for 'Dove' featuring two bottles of perfume. The text on the ad reads: 'Það þarf stórt hjarta til að bjarga þeim litlu'. On the right is a newspaper clipping with the headline 'Engin þyrla til taks í tvo sólarhringa vegna bilunar'. The article discusses a traffic jam on the Fáskrúðsfjarðargöng road caused by a bus accident. The clipping includes a small photo of a bus and some text about the incident and the resulting traffic issues.

Lögreglustjórinn hefur kallað saman aðgerðastjórn umdæmisins.

Fyrstu viðbragðsaðilar frá umdæminu eru komnir á vettvang.

Búið er að skipa vettvangsstjóra úr röðum lögreglunnar.

SST hefur ekki verið virkjuð.

Viðauki 2. Öryggisreglur æfingarinnar.

- Ef raunverulegt óhapp eða slys verður á meðan á æfingunni stendur skal það tilkynnt í fjarskiptunum með **ALVARA-ALVARA-ALVARA**
- **Þetta á líka við ef t.d. leikari er orðin kaldur og þarf að koma viðkomandi í húsaskjól**
- Leikara þarf að meðhöndla að varkárni og kanna reglulega raunverulega líðan
- Leyfa þeim að standa upp og hreyfa sig ef þeim er orðið kalt
- Virða skal hámarkshraða og aðrar umferðarreglur við allan akstur
- Heimilt er að nota forgangsljós en það veitir enga heimild til undanþágu frá umferðarreglum
- Allir „sjúklingar“ eru fluttir af vettvangi og í Grunnskólann á Reyðarfirði
- Allir sjúkrabílar sem koma með „sjúklinga“ að Grunnskólanum þurfa að bíða þar í 5 mínútur áður en farið er aftur af stað á vettvang
- Ráðgjafar verða í appelsínugulum vestum merktum æfingastjórn/ráðgjafi
- Þeir verða ykkur til ráðgjafar og aðstoðar

Viðauki 3. Logg SST: Hópslysæfing Reyðarfirði 17. september 2011.

Klukka	Atburður
10:40	112 hringir til að tilkynna um hópslys í Reyðarfirði norðan ganga Rúta + fólksbíll Yfir 20 manns slasaðir, margir alvarlega 112 beðinn um að boða RKÍ deild Eskifirði til að manna fjöldahjálparstöð
11:12	Læknir vettvangi: Lyf, vökvi, spyr hvort sjúkrahús NESK tilbúið að taka við sjúkl.
11:17	Læknir frá EGS kominn eftir 15 mín.
11:18	Læknir á vettvangi.: er þyrla til taks?
11:25	AST hefur samband við SST, AST upplýst um að: Þyrla ekki tiltæk TF-MYX ETA EGS 11:40 TF-FMS ETA EGS 12:00 Fokker 50 ETA EGS 12:30 Tvær flugvélar með getu fyrir 1 eru til taks en sennilega fljótlegra að fá TF-MYX til baka
11:36	AST spyr SST um getu sjúkrahúsa, upplýst að FSA tekur 3 og LSH 3, möguleiki að bæta fleirum við hjá LSH.
11:40	SST talar við AS og biður um að vera upplýst þegar flugvélar fara frá EGS, hvert þær fara og hversu margir eru um borð
11:59	AST tilkynnir SST að 1 rauður sé kominn í EGS + annar á leiðinni, fara með TF-MYX til Akureyrar Verið að búa 1 rauðan til flutnings í EGS sem fer með TF-FMS til Akureyrar AS upplýst að verið sé að undirbúa móttöku fleiri sjúklinga á LSH
12:04	AST upplýsir að TF-MYX og TF-FMS séu tilbúnar til brottfarar frá EGS
12:09	SST upplýsir AS að TF-MYX og TF-FMS verður snúið við á Akureyri TF-MYX verði aftur í EGS kl. 13:25 TF-FMS verði aftur í EGS kl. 13:40 AST upplýsir að 7 eru rauðir, 3 farnir með flugi frá EGS; 4 rauðir + 1 gulur á leið til EGS, fara með Fokker til Reykjavíkur
12:36	Fokker að fara frá EGS með 4 rauða og 1 gulan, ETA RVK 13:35 AST óskar eftir að TF-MYX lendi á Neskaupstað, ETA 13:25 AST óskar eftir að TF-FMS verði standby á Akureyri
12:54	AST upplýsir að TF-MYX geti lent á NESK, flytur 2 þaðan til að létta á HSA. Störfum lokið á vettvangi og flutningum þaðan lokið, verið að kalla bjargir til baka.

Viðauki 4. Fundargerð rýnifundar 17. september í Grunnskólanum á Reyðarfirði.

Inngangur

Víðir Reynisson (VR) opnaði fundinn og þakkaði fyrir góða mætingu á æfinguna. Sagði frá tilgangi fundarins sem er að rýna til gagns en ekki gagnrýna. Æfingin var stór en um 60 viðbragðsaðilar voru á vettvangi og sjúklingar voru um 28.

Upplifun leikara

Jón Brynjar Birgisson (JBB) sagði frá æfingunni frá sjónarhóli ungmenna sem léku sjúklinga. Langflest sögðust vilja taka þátt í svona æfingu aftur og að vel hefði verið um þau hugsað. Örfáir nefndu að viðbragðsaðilar hefðu snúið baki við sjúklingunum og verið latir við að taka lífsmörkin og skrá. Um helmingur þeirra fann fyrir kulda á vettvangi.

Verkþáttastjórar tóku næst til máls:

Björgunarstjóri

Steinn Björgvin Jónasson (SBJ). Æfingin var gagnleg og svona æfingar þarf að hafa oft. Það að það voru tveir vettvangar kom honum í opna skjöldu. Þakkaði gott samstarf en sagði að fjarskiptin hefðu ekki tekist vel.

Aðhlyningarstjóri

Pétur Gauti Hreinsson (PGH). Það tók tvo tíma að koma öllum sjúklingum af vettvangi. Bráðaflokkun gekk vel. Upplýsingar um bjargir á vettvangi bárust ekki nógu hratt umferðarskipulag innan vettvangs var ekki nógu gott. Merkingar innan vettvangs þarf að bæta (SSS, MÓT, osfrv).

Gæslustjóri

Þórhallur Árnason (ÞÁ). Upplýsingar um talhópa á TETRA vantaði í upphafi æfingar og því klúðruðust fjarskiptin í upphafi æfingar. Gott samband var við flutningsstjóra. Brottflutningar gengu vel. Meiri persónuupplýsingar mátti skrá inn á afriðu bráðaflokkunarspjalda. Þessar upplýsingar lágu allar hjá björgunarstjóra og því var auðvelt að leiðrétta þetta.

Flutningsstjóri

Ingi Lár (IL). Vantaði yfirsýn yfir skipulag flutninga frá SSS. Hverja mátti flytja og í hvaða röð. Svólítið erfitt var að finna bílstjóra sem tilheyrðu tækjunum. Vantaði að skipuleggja flutninga betur inn á SSS og svo út af SSS. Hafa tvo innganga, það er einn inngang **inn** og annan **út**. Fjarskipti voru ekki góð.

Vettvangsstjóri

Þór Þórðarson (ÞÞ). Sagðist ekki hafa sinnt þessu verkefni áður og að það hefði verið lærdómsríkt. Sagði fjarskiptin ekki hafa verið í lagi fyrr en hlé var gert á æfingunni og úr því bætt. Bæta þurfi merkingar á verkþáttastjórum og það vantaði fleiri aðila inn í vettvangsstjórn. Verkþáttastjórar mega ekki sinna öðru en stjórnun. Allir þátttakendur stóðu sig vel. Hvað varðaði bráðaflokkunina þá var talningaspjöldum ekki skilað inn til vettvangsstjóra.

Fjöldahjálp

Ingibjörg Ólafsdóttir (ÍÓ): Gátlistana fyrir fjöldahjálparstöðina vantaði. Eins voru allir handskráðir inn í stað þess að nota tölvur. Boðun var ábótavant.

Aðgerðastjóri

Jónas Wilhelmsson (JW). Sagði að í heildina hefði allt gengið mjög vel. Fjarskiptin löguðust eftir að hlé var gert á æfingunni og hann sagði að alltaf yrði „kaos“ í upphafi aðgerða.

Umræður

Í umræðum kom fram að fyrstu sjúkraflutningar fóru fram kl. 11.29 eða um klukkustund eftir að æfingin var boðuð. Eins kom fram að það vantaði skýrara skipulag á vettvanginn, það er skipulagið var til staðar en var ekki nógu sýnilegt. Fjarskiptaskipulagið þarf að vera sýnilegt og það þurfa allir að þekkja það. Bæta þurfi úr merkingum á vettvangi og var SSS nefnt sérstaklega og litaskiptingu innan þess í samræmi við bráðaflokkun. Eins þurfti að merkja biðsvæði bjarga og allir að vita hvar það var. Læknir inn útskýrði að flutningar sjúklinga af vettvangi voru skipulagðir í samræmi við flugtíma sjúkraflugvéla inn á Egilsstaðaflugvöll. Björgunarsveitir kölluðu sig ekki inn á æfinguna og ekki út aftur eins og venjulega tíðkast í aðgerðum. Vettvangsstjóri þarf að fá betri upplýsingar um bjargir sem berast inn á vettvang. Öll tæki á vettvangi virkuðu vel. Meiri fagleg ráðgjöf um fyrstuhjálpmáttí vera til staðar inn á vettvangi. Merkja þarf viðbragðsaðila betur og þá sem vinna á SSS þarf að merkja í litum í samræmi við stað þeirra innan SSS.

Nokkur atriði frá prestum

Jóna Kristín Þórvaldsdóttir (JKÞ). Skilaði punktum inn til ritara. Prestarnir fengu ekki upplýsingar um að rýnifundi hefði verið flýtt um eina klukkustund og komu því ekki til fundarins fyrr en í blálokin. (Þessi mistök í boðun fundarins skrifast á fundarritara og biðst hann velvirðingar á þeim). Ekki var haft samband við presta umdæmisins í gegn um neyðarsíma þeirra, 856-1690. Áfallateymi sjúkrahússins var ekki boðað og leitað er eftir skýringum á því. Þá er spurt um tengingu fjöldahjálparstöðvar við sjúkrahúsið þegar unnið er að áfallahjálpinni. Þá gekk illa að fá nafnalista sjúklinga svo prestar gætu hafið vinnu með aðstandendum (tengingu við AST). Skoða þarf ferilinn og tengingar: **slysstaður-söfnunarsvæði aðstandenda/fjöldahjálp - sjúkrahús - eftirfylgd.**

Æfingastjóri- samantekt í lokin

Íris Marelsdóttir (ÍM). Æfingin var stór og margir komu að henni. Þakkaði ráðgjöfum fyrir að taka þátt í þessari æfingu. Markmið æfingarinnar tókst en það var að æfa samvinnu, samhæfingu og samstarf og kanna áfallapol innan umdæmis. Eins var markmiðið að þessi æfing væri innlegg og hvatning til að ljúka við gerð hópslysaáætlunar innan umdæmisins. Þessi æfing sýndi að viðbragðsaðilar í umdæminu eru vel þjálfðir og kunna sitt fag. Skipulagið er til staðar en þarf að vera sýnilegra og skerpa þarf á því reglulega. Mikilvægt er að halda fjarskiptaskipulagi á lofti og kynna það með skýrum hætti. Merkingar á slysstað þarf að bæta. Sjúklingar voru ánægðir og fannst viðbragðsaðilar umgangast þá með gætni og umhyggju. Skýrsla um æfinguna kemur eins fljótt og verða má.

Sveitarstjóri Fjarðabyggðar

Páll Björgvin Guðmundsson (PBG). Þakkaði þátttakendum fyrir góða þátttöku og fagleg vinnubrögð og minntist á að halda þurfi snjóflóðaæfingu í byggðarlaginu. Að því búnu var fundi slitið.

Fleira ekki fært til bókar

19092011/ Íris Marelsdóttir

Viðauki 5. Umfjöllun fjölmiðla um æfinguna.

www.landsbjorg.is

17. september 2011

Um 130 manns tóku þátt í hópslysaæfingu á Reyðarfirði í dag. Þar var sviðsett rútuslys við Fáskrúðsfjarðargöng.

Björgunarsveitir af svæðinu, lögregla, slökkvi- og sjúkralið og Rauði krossinn tóku þátt í æfingunni, sem var á vegum almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra. Auk þess léku krakkar úr grunnskólunum á Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði sjúklinga en 30 farþegar voru í rútnni.

Æfingin er hluti af almannavarnaskipulagi Íslands og fara svona æfingar fram reglulega. Æfingin hófst klukkan hálf ellefu í morgun og lauk síðdegis og þótti hún takast vel.

Myndirnar tók Ingólfur Haraldsson

www.mbl.is

17. september 2011

Sviðsettu rútuslys á Reyðarfirði

Hátt í hundrað manns taka nú þátt í hópslysaæfingu á Reyðarfirði. Sett var á svið rútuslys með þrjátíu farþegum við Fáskrúðsfjarðargöng.

Lögregla, slökkvi- og sjúkralið, björgunarsveitir, sveitarfélagið Fjarðarbyggð, almannavarnanefnd sveitarfélagsins og Rauði krossinn tóku þátt í æfingunni að sögn Ingólfs Haraldssonar í æfingastjórn hópslysaæfingarinnar. Þurfa allir þessir aðilar að leysa málin í sameiningu.

Ingólfur segir æfinguna hluta af almannavarnaskipulagi sem reglulega sé æft um allt land. Hófst útkallið klukkan 10:30 í morgun og nú fyrir stundu var verið að ljúka aðgerðum á „slysstað“.

Björgunaraðilar sem taka þátt í æfingunni eru á milli 50-60 og er því ekki óvarlegt að reikna með að alls taki hátt í hundrað manns þátt í æfingunni

www.redcross.is

19. september 2011

Vel heppnuð hópslysaæfing á Reyðarfirði 19.09.2011

Rauða kross deildir í Fjarðabyggð opnuðu fjöldahjálparstöð og söfnunarsvæði aðstandenda í tengslum við rútuslysaæfingu á Reyðarfirði um helgina. 18 fjöldahjálparstjórar auk annars hjálparliðs stóðu vaktina og tóku á móti „slösuðum“ farþegum úr rútnni og hlúðu að þeim.

Rauði krossinn sá einnig um áverkaförðun á æfingunni og kom að uppsetningu vettvangsins áður en æfingin sjálf hófst. Æfingin þótti takast með afbrigðum vel ef undan eru skilin fjarskipti. Það hefur

myndast ákveðin hefð fyrir því að kvarta undan fjarskiptum á æfingum sem þessari og er það talið til marks um vel heppnaða æfingu ef aðeins er hægt að kvarta undan þeim.

Um 100 manns kom að æfingunni frá öllum viðbragðsaðilum í Fjarðabyggð, auk ráðgjafa frá landsskrifstofu Rauða krossins, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Landspítalanum, Neyðarlínunni og Slökkviliði Akureyrar.

Viðauki 6. Gátlistar vegna rýni



Rýnt til gagns – Stórslysæfingar - Gátlisti

Fyrsta viðbragð og stjórn á vettvangi	Í lagi	Úrbætur
1. Er viðbragðsáætlun fyrirbyggjandi vegna stórslysa og hvenær var hún uppfærð ?		
2. Er til sérstök viðbragðsáætlun fyrir þetta slys ?		
3. Inniheldur viðbragðsáætlunin upplýsingar um boðun ?		
4. Er boðunaráætlun virk allan sólarhringinn ?		
5. Er geymsluaðstaða fyrir búnað sem þarf að nota í stórslysum ?		
6. Sá fyrsti björgunarhópur á vettvang að þetta var stórslys og mat hópurinn stöðuna rétt ?		
7. Hafði vettvangsstjóri næga þjálfun og þekkingu ?		
8. Voru allir á vettvangi með nægilegan skilning á umfangi og stærð slyssins ?		
9. Voru allar Bjargir á vettvangi nýttar til fulls og á árangursríkan hátt ?		
10. Hafði þetta slys áhrif á önnur verkefni viðbragðsaðila eða var hægt að sinna öðrum dagleglegum viðburðum ?		
11. Voru viðbragðsaðilar með nægilega þjálfun og þekkingu ?		

Samskipti	Í lagi	Úrbætur
1. Er til samskiptaáætlun í stórslysum eða í almannavarnaástandi ? a) Fyrir samskipti innan stofnunar b) Fyrir samskipti utan stofnunar		

2. Er samskiptabúnaður til staðar og í nægilegu magni ? a) Tölvur og nettenging b) Borðsímur c) TETRA stöðvar d) Farsímur		
3. Hvenær var búnaður síðast yfirfarinn ?		
4. Hafa starfsmenn fengið þjálfun í að nota samskiptabúnaðinn ?		
5. Er þjálfun hluti af grunnfræðslu nýrra starfsmanna ?		
6. Hefur verið tekin ákvörðun um hver (hvaða staða eða stöður innan stofnunar) ber að öllu jöfnu ábyrgð á samskiptum stofnunarinnar og SST ?		
7. eru samskipti sjúklinga og viðbragðsaðila árangursrík		

Umferðarskipulag og annað skipulag á vettvangi	Í lagi	Úrbætur
1. Fara bílstjórar reglulega á námskeið í akstri neyðarbifreiða?		
2. eru námskeið í boði fyrir stjórnendur annarra ökutækja ?		
3. Var búið að gera áætlun um frekari lokun á vettvangi við komu fyrstu björgunartækja og öryggi bílstjóra þannig tryggt frekar ?		
4. Koma allir viðbragðsaðilar að gerð áætlunar vegna viðbragða á vettvangi ?		
5. Er áætlunin öllum aðgengileg ?		
6. eru áætlanir æfðar af öllum viðbragðsaðilum ?		

Þjálfun og heilsufar viðbragðsaðila	Í lagi	Úrbætur
1. Fá viðbragðsaðilar reglulega heilsufarsskoðun ?		

2. Eru viðbragðsaðilar meðvitaðir um hættur á slysavettvangi ?		
3. Eru til staðlaðir verkferlar til að nota í mismunandi stórslysum ?		
4. Er hæfni sjálfboðaliða metin reglulega og framboð þeirra ?		

Öryggi sjúklinga eftir stórslys	Í lagi	Úrbætur
1. Er bráðaflokkunin árangursrík og nákvæm ?		
2. Voru sjúkraflutningar framkvæmdir á öruggan hátt ?		
3. Voru sjúklingar verndaðir fyrir kulda og öðrum umhverfisþáttum		
4. Voru sjúklingar vel undirbúnir fyrir flutning af vettvangi og á sjúkrahús ?		

Þessar spurningar eru byggðar á samstarfsverkefni innan Norðurslóðaráætlunar Evrópusambandsins, CO-SAFE. Sjúkrahúsið á Akureyri leiðir þá vinnu fyrir hönd Íslands. Spurningalistinn byggir á finnskum lista, COSAFE EVALUATION OF RESCUE OPERATION /EXERCISE. Finnish Institute of Operational Health.

Aðgerðir eftir að slysi er lokið	Í lagi	Úrbætur
1. Er áfallahjálpi í boði fyrir viðbragðsaðila ?		
2. Hver eru gæði áfallahjálparinnar ?		
3. Eru haldnir rýnifundir og fundargerð skráð og vistuð ?		